



Fundargerð stjórnar SSA nr. **5** starfsárið 2012 – 2013

Fundur var haldinn í stjórn SSA þriðjudaginn 5. febrúar 2013 kl. 12:00.

Fundarstaður: Hótel Aldan, Seyðisfirði.

Mættir voru: Þórunn Egilsdóttir, Stefán Bogi Sveinsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Valdimar O. Hermannsson, Sigrún Blöndal, Unnur Björgvinsdóttir og Gauti Jóhannesson.

Þá sat fundinn Ólafur Áki Ragnarsson, verkefnastjóri Austurbrúar sem ritaði fundargerð.

Formaður Valdimar O. Hermannsson setti fundinn. Gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. Fundargerðir:

- a) Stjórnarfundur SSA dags. 8. janúar 2013. Fundargerðin samþykkt.
- b) Stýrinets sóknaráætlana landshluta dags. 23. nóvember 2012 og 10. janúar 2013. Lagðar fram til kynningar.
- c) Stjórnar Eyþings 237. fundur. Lögð fram til kynningar.
- d) Heilbrigðiseftirlits Austurlands 107. fundur. Lögð fram til kynningar.
- e) Stjórnar SASS 463. fundur. Lög fram til kynningar.
- f) Stjórnar FV dags. 7. janúar 2013. Lögð fram til kynningar.
- g) Samstarfsnefndar SSA dags. 24. janúar 2013. Töluverðar umræður urðu um fundargerðina og kynningu á svæðinu vegna hugsanlegra framkvæmda á Drekasvæðinu. Stjórnin leggur áherslu á að aðilar leiti leiða til að kynna Austurland sem heild fyrir væntanlegum framkvæmdaaðilum á Drekasvæðinu.
Verkefnastjóra falið að koma með tillögur að samþykktir fyrir nefndina og aðrar nefndir sem starfa á vegum SSA.
- h) Stjórnar SSV dags. 24. janúar 2013. Lögð fram til kynningar.
- i) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 803. Fundur. Lögð fram til kynningar.

2. Sóknaráætlun Austurlands:

- a) Drög að sóknaráætlun fyrir Austurland lögð fram. Stjórnin samþykkti að skipta fjármunum sem ætlaðir eru til Sóknaráætlunar Austurlands fyrir árið 2013, í þrjá hluta sem skiptast milli eftirtalinna málaflokka:

- Atvinnumál og nýsköpun.
 - Mennta- og menningarmál.
 - Markaðsmál
-

Verkefnastjóra falið að koma með tillögur að skiptingu fjárins milli verkefna og leggja fyrir framkvæmdaráð SSA. Tillögurnar verða unnar í samráði við sviðstjóra Austurbrúar.

- b) Drög að skýrslu um greiningu tækifæra á Austurlandi lögð fram til kynningar.

3. Umsagnir um frumvörp:

- a) Umhverfis – og samgöngunefnd Alþingis sendir til umsagnar frumvarp til laga um náttúruvernd, 429. mál.
- b) Velferðarnefnd Alþingis sendir til umsagnar frumvarp til laga um velferðarstefnu- heilbrigðisáætlun til ársins 2020, 470. mál.
- c) Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir til umsagnar frumvarp til sveitarstjórnarlaga, 204. mál.
- d) Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir til umsagnar frumvarp til sveitarstjórnarlaga, 449. mál.
- e) Lagt fram bréf frá 1. varaformanni atvinnuveganefndar Alþingis þar sem vakinn er athygli á því að atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra hefur lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um stjórn fiskveiða.

4. Bréf til stjórnar SSA frá:

- a) Jöfnunarsjóði sveitarfélaga dags. 15. janúar 2013. Lagt fram til kynningar.
- b) Innanríkisráðuneytinu dags. 21. desember 2012. Bréfið er svar við athugasemdum sem stjórn SSA gerði við viðmið sem notuð eru við skiptingu fjár milli landshluta vegna sóknaráætlunar fyrir árið 2013. Stjórnin ítrekar mikilvægi þess að við skiptingu fjár milli landshluta vegna sóknaráætlunar, verði þau viðmið sem notuð eru við skiptinguna tekin til endurskoðunar .

5. Önnur mál:

- a) Norðausturkjördæmi, skýrsla um ríkisútgjöld og tekjur ríkisins á Austurlandi og Norðurlandi eystra. Ákveðið að senda efstu mönnum á öllum framboðslistum vegna kosninga til Alþingis í apríl n.k. skýrsluna til kynningar og fjölmiðlum til umfjöllunar.
- b) Samþykkt 46. aðalfundar SSA um breytt fyrirkomulag aðalfunda SSA. Á aðalfundi SSA sem haldinn var á Borgarfirði eystri var samþykkt að taka til skoðunar breytt fyrirkomulag aðalfunda SSA. Jafnframt var samþykkt að hugað verði að leiðum til að auka vægi stefnumarkandi niðurstaðna af þeim fundum í samstarfi við Austurbrú sem stoðstofnun sveitarfélaga og atvinnulífs á Austurlandi.
Ákveðið var að leggja fram tillögur frá stjórnarmönnum á næst stjórnarfundum SSA.
- c) Úttekt á Menningarsamningum. Kynnt var bréf frá menningarfulltrúa Austurlands, ásamt drögum að úttekt á menningarsamningum, fundargerð fundar menningarfulltrúa og formanna menningarráða landshlutana sem

haldinn var í Þjóðmenningarhúsinu 30. janúar 2013. Fundargerð menningarfulltrúa landshlutanna haldinn 31. janúar 2013 í Þjóðmenningarhúsinu og ályktun um endurnýjun menningarsamninga frá fundi formanna menningarráða og menningarfulltrúa sem haldinn var í Þjóðmenningarhúsinu 30. janúar 2013. Málið rætt og ákveðið að vísa málinu til framkvæmdaráðs SSA til umfjöllunar.

- d) Málefni Safnahúss, bókun bæjarráðs Fljótsdalshéraðs á 223 fundi. Til kynningar.
- e) Kynnt var áætlun Símans um að alls verði tólf bæjarfélög á Austurlandi tengd ljósnetinu á þessu ári. Stjórn SSA fagnar framtaki Símans í tengingu háhraða internets um Austurland. Háhraða internet tenging skiptir heimili og fyrirtæki miklu máli hvort sem er í þéttbýli eða dreifbýli. Stjórnin telur mikilvægt að allir þéttbýliskjarnar á Austurlandi sitji við sama borð hvað varðar aðgengi að ljósneti og beinir því þar af leiðandi til forráðamanna Símans að bæta Borgarfirði eystri, Hallormsstað og Mjóafirði inn á framkvæmdaplan Símans fyrir árið 2013.
- f) Formaður fór yfir tillögur að áherslubreytingum í skipuriti Austurbrúar, þá sérstaklega er varðar stöðu SSA innan skipuritsins.
- g) Málefni Atvinnuþróunarsjóðs. Stefán Bogi fór yfir tillögur að breyttu fyrirkomulagi að samþykktum sjóðsins. Samþykkt að vísa málinu til framkvæmdaráðs til frekari úrvinnslu.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi því slitið kl. 17:20
Ólafur Áki Ragnarsson, fundarritari.